


Norrænt samstarf

Mat íbúa Norðurlanda á norrænu samstarfi. Skoðanakönnun gerð í Finnlandi, Danmörku, á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð



Norrænt samstarf

Mat íbúa Norðurlanda á norrænu samstarfi.
Skoðanakönnun gerð í Finnlandi, Danmörku,
á Íslandi, í Noregi og Svíþjóð



Efnisyfirlit

Inngangur · 5

Um könnunina · 6

Megin niðurstöður · 6

Samantekt · 6

Niðurstöður könnunarinnar · 8

1

Þekking á norrænu samstarfi · 8

2

Gildi norræns samstarfs · 10

3

Þýðing samstarfsins í framtíðinni
og umfang · 11

Inngangur

Árið 1993 gerði Norðurlandaráð skoðanakönnun um þekkingu og afstöðu Norðurlandabúa til norræns samstarfs. Á þeim tíma var eingöngu Danmörk aðili að Evrópusambandinu, en umræður fóru fram í Svíþjóð, Noregi og Finnlandi um aðild að ESB. Eins og kunnugt er, gengu Svíþjóð og Finnland í ESB árið 1995, en Noregur og Ísland hófu samstarf í gegnum EES-samninginn. Síðan hafa Eyrstrasaltsríkin og Pólland gengið í ESB frá með 1. maí 2004. Pólítískt sjónarhorn í Norður-Evrópu hefur því mikið breyst.

Það var því áhugavert að láta gera nýja könnun á þekkingu íbúanna til norræns samstarfs, því með henni er hægt að komast að þróun mála frá 1993.

Sumir lesendur munu aðallega skoða tölur frá eigin heimalandi. En það gleður mig sem framkvæmdastjóra Norðurlandaráðs að almennt séð fer þekking á Norðurlandaráði og systurstofnun okkar Norrænu ráðherranefndinni vaxandi á Norðurlöndum í heild sinni. Það er „heldur ekki slæmt“ að vaxandi hluti íbúanna telur Norðurlandaráð/Norrænu ráðherranefndina vera mikilvægar stofnanir í alþjóðlegu samstarfi.

En einnig koma fram upplýsingar sem norrænir stjórnámálamenn munu skoða af miklum áhuga. Sú ósk kemur fram að Norðurlandaráð/Norræna ráðherranefndin einbeiti sér að verkefnum sem geta bætt daglegt líf íbúanna á Norðurlöndum. Það er mikilvægt að íbúarnir styðji norrænt samstarf. Sem betur fer vantar ekki stuðninginn – en við megum hvergi „slaka á“.



Frida Nokken

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs

Um könnunina

Í þessum bæklingi eru kynntar megin niðurstöður úr skoðanakönnun meðal íbúa á Norðurlöndum. Könnunin sýnir þekkingu íbúanna á norrænu samstarfi, ásamt því að gefa til kynna hversu mikilvæg íbúarnir telja hin ýmsu samstarfssvið vera. Könnunin er gerð í framhaldi af könnun sem Norðurlandaráð gerði árið 1993. Hún er framkvæmd af Research International fyrir Norðurlandaráð.

Viðtöl voru tekin við marktækt úrtak fullorðinna á Norðurlöndum, þ.e.a.s. Finnlandi, Danmörku, Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Alls voru tekin 2500 símaviðtöl. Viðtölin voru tekin í október 2006.

Megin niðurstöður

- **Íbúar á Norðurlöndum vilja norrænt samstarf.** 8 af hverjum 10 þekkja Norðurlandaráð/Norrænu ráðherranefndina.
- Samstarfið er aðeins ein af mörgum tegundum samstarfs sem fólk vill taka þátt í. ESB, Bandaríkin, Kína, Rússland og Eystrasaltsríkin eru allt lönd sem menn sjá fyrir sér sem samstarfsaðila í framtíðinni.
- **Mikill meirihluti norrænna borgara telur að auka beri samstarfið.** Meirihluti telur að samstarfið verði mikilvægt á komandi árum.
- **Umhverfisvernd og baráttan gegn glæpum fær mikinn stuðning.** Aftur á móti er lítil stuðningur við samstarf á sviði tungumála og menningar.

Samantekt

Árið 2006 vita rúmlega 8 af hverju 10 íbúum á Norðurlöndum um tilvist Norðurlandaráðs/Norrænu ráðherranefndarinnar. Það er minna en árið 1993 þegar 9 af hverjum 10 vissu um tilvistina, en engu að síður mjög hátt hlutfall. Ein af ástæðunum fyrir fækkuninni getur verið að árið 2006 eru mjög fáir 30 ára og yngri sem þekkja ráðin.

Mun fleiri telja árið 2006 að starf Norðurlandaráðs/Norrænu ráðherranefndarinnar hafi gildi fyrir íbúa Norðurlandanna. Árið 1993 taldi rúmlega helmingur að starfið hefði gildi, en árið 2006 3 af hverjum 4.

Jafnvel þó íbúarnir þekki nöfn stofnananna finnst þeim ekki að þær hafi raunverulegt hlutverk. Starf Norðurlandaráðs/Norrænu ráðherranefndarinnar telst hafa lítil áhrif á daglegt líf einstaklinga á Norðurlöndum.

Tvö málefni eru sérstakleg mikilvæg þegar meta á samstarf Norðurlandanna. Umhverfisvernd og aðgerðir til að bæta umhverfið ásamt baráttunni gegn glæpastarfsemi þvert á landamæri, eru talin vera mikilvægustu samstarfssviðin af 6 af hverjum 10 íbúum.

Hefðbundnari samstarfssvið Norðurlandaráðs/Norrænu ráðherranefndarinnar teljast aðeins hafa lítið vægi hjá meiri hluta íbúa Norðurlandanna. Þannig telja aðeins 4% aðspurðra íbúa að menningarskipti sé mikilvægasta samstarfssviðið. Aðeins 2% telja að útbreiðsla Norðurlandatungumálanna sé mikilvægasta sviðið.

Átta af hverjum tíu búast við því að mikilvægi norrænnar samvinnu muni aukast eða standa í stað á næstu árum. Fleiri en 1993 telja þó að vægið sé óbreytt og fari ekki vaxandi. Það eru einnig fleiri en 1993, 16% í stað 11%, sem búast við minnkandi vægi samstarfsins á næstu árum.

Íbúar Norðurlandanna vilja samstarf á milli landanna. 94% finnst samstarfið vera hæfilegt eða vilja aukið samstarf. Fleirum en 1993 finnst umfang samstarfsins vera hæfilegt. Búist er við að vægi Norðurlandasamstarfsins fari minnkandi í takt við aukna þátttöku landanna í öðrum alþjóðlegum stofnunum. En óskín um samstarf er greinileg og aðeins hverfandi hluti vill draga úr samstarfinu.

45% Norðurlandabúa telja að Norðurlöndin eigi fyrst og fremst að starfa með öðrum löndum sem hafa sömu skoðun í alþjóðlegum samtökum. Þetta er greinileg aukning miðað við 1993, en þá var greinilegur meirihluti fyrir samstarfi við önnur Norðurlönd.

Tveir af hverjum þremur líta samt sem áður enn á hin Norðurlöndin sem mikilvægasta samstarfsaðila þeirra eigin lands, til lengri tíma lítið.

Í dag er mun raunsæri afstaða til, hvaða löndum eigi að starfa með, en árið 1993 höfðu menn meiri fyrirvara við önnur lönd en Norðurlöndin. Tveir af hverjum þremur telja enn að langtímasamstarf Norðurlandanna sé mjög mikilvægt. En næstum fjórðungur telur einnig að Bandaríkin, Kína og Rússland séu mikilvægir samstarfsaðilar til lengri tíma lítið. Það er því mikill áhugi á alþjóðlegu samstarfi hjá íbúum Norðurlandanna.

Svörin frá Svíþjóð sýna þó, að þar er minni áhugi á samstarfi við Bandaríkin, Kína, Rússland og Eystrasaltsríkin, en meiri áhugi á auknu norrænu samstarfi.

Rannsóknin bendir einnig á þá áskorun sem Norðurlandaráð/Norræna ráðherranefndin standa andspænis, þá staðreynd að aðeins 16% aðspurðra í Svíþjóð telja samstarfið við Eystrasaltsríkin vera mikilvægt til lengri tíma litið.

Niðurstöður könnunarinnar

1

Þekking á norrænu samstarfi

SPURNING 1

Getur þú nefnt eitt eða fleiri svið sem Norðurlöndin starfa saman á í dag?

■ 2006	F	DK	IS	N	S	Alls
Norðurlandaráð/Norræna ráðherranefndin	10	24	17	43	11	19
Menning	10	9	20	11	1	10
Viðskiptasamningar	14	9	8	17	5	10
Umhverfisvernd	16	9	5	8	11	10
Menntun	6	10	20	4	1	9
Vinnumarkaður	7	7	17	5	4	8
Utanríkis- og öryggismál	8	8	7	12	3	7


Fimmti hver Norðurlandabúi þekkir (án þess að fá hjálp) Norðurlandaráð/Norræna ráðherranefndina. Hæst er hlutfallið í Noregi, 43%, en aðeins einn af hverjum tíu í Finnlandi og Svíþjóð geta nefnt ráðin án þess að fá hjálp.

Hiklaus þekking í Finnlandi og Svíþjóð er því óbreytt frá 1993. Hiklaus þekking í Danmörku, Noregi og á Íslandi hefur aukist til muna.

Vitneskja um umhverfis- og menningarsamstarf sem jafnframt tróna efst á listanum hefur ekki breyst að marki síðan 1993. Að meðaltali nefnir einn af hverjum tíu eitt af þessum þremur sem samstarfssvið Norðurlandanna.

Greinilegust er þróunin í almennri vitneskju íbúanna um norrænt samstarf. Árið 1993 gat helmingur íbúanna ekki nefnt eitt einasta norrænt samstarfssvið, en árið 2006 er hlutfallið einn af hverjum þremur. Þróunin á sér stað á öllum Norðurlöndunum og er greinilegust í Finnlandi, þar sem einungis 5% geta ekki svarað neinum spurningum um norrænu samstarfssviðin árið 2006.

SPURNING 2
*Þekkir þú til eða hefur þú heyrt um Norðurlandaráð/
Norrænu ráðherranefndina?*



Þó svo að hiklaus vitneskja um Norðurlandaráð/Norrænu ráðherranefndina hafi aukist verulega, kemur það á óvart að færri þekkja stofnanirnar en árið 1993 þegar þeir fá aðstoð. 80% íbúanna svara því til árið 2006 að þeir hafi heyrt um Norðurlandaráð/Norrænu ráðherranefndina en 91% árið 1993. Þróunin skýrist fyrst og fremst af mjög minnkandi vitneskju í Finnlandi og Svíþjóð, á meðan þróunin er aftur á móti mjög jákvæð á Íslandi.

Það er sameiginlegt með öllum Norðurlöndunum að það er ungt fólk undir 25 ára aldri sem hefur mjög litla vitneskju um Norðurlandaráð/Norrænu ráðherranefndina.

2

Gildi norræns samstarfs

SPURNING 3

Hefur það sem rætt hefur verið og ákveðið í Norðurlandaráði og í Norrænu ráðherranefndinni, eitthvert gildi fyrir Norðurlandþjóðirnar?

■ 2006/1993, %	F	DK	IS	N	S	Alls
Já, algjörlega	15 ¹¹	26 ¹⁰	27 ⁵	34 ¹⁴	31 ¹⁰	27 ¹¹
Já, að nokkru leyti	55 ⁵¹	43 ⁴⁷	61 ²⁷	46 ³⁶	39 ³⁸	49 ⁴²
Nei, ekki mikið	14 ²²	11 ¹⁸	7 ²⁰	9 ¹⁴	6 ¹²	9 ¹⁶
Nei, alls ekki	5 ⁶	4 ¹²	1 ¹¹	2 ⁵	1 ³	2 ⁶
Veit ekki	11 ¹⁰	13 ¹³	5 ³⁷	9 ³¹	23 ³⁸	12 ²⁵


Miðað við árið 1993 telja áberandi fleiri íbúar nú að Norðurlandaráð/Norræna ráðherranefndin geri gagn. Þannig telja þrír af fjórum að ákvarðanir stofnananna hafi þýðingu í för með sér fyrir norrænu þjóðirnar. Ástæðan er fyrst og fremst aukinn fjöldi fólks sem telur að ákvarðanir Norðurlandaráðs/Norrænu ráðherranefndarinnar séu mikilvægar fyrir Norðurlöndin.

Þrátt fyrir að flestir séu sammála um gildi ákvarðanna Norðurlandaráðs/Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir norrænu þjóðirnar, telja tiltölulega fáir að stofnanirnar hafi áhrif á daglegt líf þeirra.

SPURNING 4

Hvað telur þú vera mikilvægasta samstarfssviðið innan Norræns samstarfs?

Svörin sýna að baráttan gegn glæpastarfsemi þvert á landamæri og umhverfismál eru norrænum borgurum efst í huga. Fyrirbyggjandi aðgerðir og lausnir vandamála, sem skapast þvert á landamæri og viðkoma daglegu lífi, eru íbúum efst í huga. Minni áhugi er á langtímamálefnum eins og tungumálum, menningu og að hluta til einnig á öryggis- og utanríkismálum.




* Ekki var spurt um þetta árið 1993

3

Þýðing samstarfsins í framtíðinni og umfang

SPURNING 5


Heldur þú að mikilvægi samstarfsins milli Norðurlandanna aukist eða minnki á næstu árum, miðað við það sem það hefur verið?



Rúmlega helmingur aðspurðra býst við því að samstarf milli Norðurlandanna muni fá aukið vægi í framtíðinni. Það eru nokkuð miklu fleiri en árið 1993. Það eru sérstaklega íbúar þeirra ríkja sem eiga aðild að ESB, þ.e. Danmerkur, Finnlands og Svíþjóðar, sem telja að vægi samstarfsins muni minnka á næstu árum.

SPURNING 6

Vilt þú meira eða minna samstarf milli Norðurlandanna, eða finnst þér það hæfilegt eins og það er?




Miðað við árið 1993, fækkar þeim íbúum Norðurlandanna, sem vilja aukið samstarf þvert á landamæri á Norðurlöndunum, nema í Svíþjóð. Jafnframt hefur það hlutfall íbúanna, sem telur að núverandi samstarf sé hæfilegt, aukist síðan 1993.

Samstarfið milli Norðurlandanna er því talið hafa minni þýðingu eftir því sem annað alþjóðlegt samstarf eykst. En óskín um samstarf er skýr og einungis lítil hluti vill minnka samstarfið.



SPURNING 7

Ísland á fulltrúa í fjölda alþjóðlegra stofnana eins og t.d. Sameinuðu þjóðunum, NATÓ og Alþjóðaviðskipta-stofnuninni. Ætti Ísland fyrst og fremst að starfa...



45% Norðurlandabúa telur, að Norðurlöndin ættu fyrst og fremst að starfa með öðrum löndum, sem hafa sömu skoðun í alþjóðlegum samtökum. Þetta er greinileg aukning miðað við 1993, en þá var greinilegur meirihluti fyrir samstarfi við önnur Norðurlönd.

Tveir af hverjum þremur líta samt sem áður enn á hin Norðurlöndin sem mikilvægasta samstarfsaðila þeirra eigin lands, til lengri tíma litið.

SPURNING 8

Eru einhver lönd sem þér finnst sérstaklega mikilvægt að eiga í samstarfi við þegar litið er til framtíðar?

■ 2006/1993, %	F	DK	IS	N	S	Alls
Norðurlöndin (F, DK, IS, N og S)	56	74	69	71	50	64
ESB ríkin	49	80	52	60	43	57
Bandaríkin	17	44	23	36	10	26
Eystrasaltsríkin	28	31	13	26	16	23
Kína	16	34	22	26	10	22
Rússland	26	27	9	33	7	21
Engin	10	2	5	5	12	6
Veit ekki	16	2	6	5	13	8

Samstarfið við önnur ESB ríki er talið mjög mikilvægt.

Norrænir borgarar hafa mismunandi skoðanir á því hvaða önnur lönd skuli velja sem samstarfsaðila, Bandaríkin, Eystrasaltsríkin, Kína eða Rússland. Í Danmörku eru Bandaríkin og Kína efst á blaði, en Rússland er talið mikilvægasti samstarfsaðilinn í Noregi. Finnum finnst almennt, Rússland og Eystrasaltsríkin vera mikilvægustu samstarfsríkin.

Miðað við aðra Norðurlandabúa hafa Svíar almennt minnstan áhuga á samstarfi þvert á landamæri.

Norrænt samstarf

Mat íbúa Norðurlanda á norrænu samstarfi
ANP 2006:781

© Norburlandaráð, Kaupmannahöfn 2006
ISBN 92-893-1438-1

Prentun: Salogruppen A/S, Kaupmannahöfn 2007

Umbrot: Kjell Olsson

Þýðing: Asta Erlingsdóttir og Erling R. Erlingsson
Fjöldi eintaka: 500

Prentað á umhverfissvænan pappír sem uppfyllir
kröfur sem settar eru fyrir norræna umhverfis-
merkið Svanin.

Annað efni sem Norðurlandaráð og Norræna
ráðherranefndin hafa gefið út er á www.norden.org/publikationer

Printed in Denmark

Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18,
DK-1255 Kaupmannahöfn K
Sími (+45) 3396 0200
Bréfasími (+45) 3396 0202

Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18,
DK-1255 Kaupmannahöfn K
Sími (+45) 3396 0400
Bréfasími (+45) 3311 1870

www.norden.org

Könnun var gerð af

Research International Denmark
Hauser Plads 20
DK-1127 Kaupmannahöfn K.
www.research-int.com

Norrænt samstarf

Norræna samstarfið er eitt umfangsmesta
svæðasamstarf í heiminum. Samstarfið byggir
á landfræðilegri legu, sameiginlegri sögu og
menningu og nær til Danmerkur, Finnlands,
Íslands, Noregs og Svíþjóðar auk sjálfstjórnar-
svæðanna Færeyja, Grænlands og Álandseyja.

Norræna samstarfið er pólitískt, efnahagslegt og
menningarlegt og skiptir miklu í evrópsku og
alþjóðlegu samstarfi. Í norrænu samstarfi er unnið
að því að styrkja stöðu Norðurlandanna í sterkri
Evrópu.

Með norrænu samstarfi er unnið að því að efla
norræna og svæðisbundna hagsmuni í alþjóðlegu
umhverfi. Sameiginleg gildi landanna styrkja
stöðu Norðurlandanna og skipa þeim meðal þeirra
svæða í heiminum þar sem nýsköpun og sam-
keppnishæfni er mest.



norden

Norðurlandaráð

Store Strandstræde 18
DK-1255 København K
www.norden.org

